

Svæðisráð um málefni fatlaðra á Norðurlandi vestra

Alþingi, félags- og tryggingamálaráðherra
b.t. Félags- og tryggingamálanefndar

Alþingi
Erindi nr. þ 139/964
komudagur 14.12.2010

Siglufirði, 3. desember 2010

Svæðisráð um málefni fatlaðra á Norðurlandi vestra samþykkti samhljóða á fundi sínum þann 15. nóvember 2010 svofellda bókun:

256. mál

„Svæðisráð um málefni fatlaðra á Norðurlandi vestra skorar á félags- og tryggingamálaráðherra og Alþingi að tryggja öfluga réttindagæslu fatlaðra á Íslandi eftir að sveitarfélögin taka við málaflokknum. Aldrei hefur verið brýnna en nú að réttindagæslan sé í traustum farvegi. Fráleitt er að láta svo mikilvægt málefni danka vegna þess að fjármunum sé ekki veitt til þess. Ríkinu ber siðferðisleg skylda til þess að sjá til þess að gripið sé til ráðstafana til að ráða bót á þeim ágöllum, sbr. nýlega skýrslu Ríkisendurskoðunar um málið“.

F.h. Svæðisráðs um málefni fatlaðra á Norðurlandi vestra

Guðrún Árnadóttir
formaður

Afrit:
Þingmenn Norðvesturkjördæmis